

menningarmál

# Mestur listasmiður Norðurlanda

— sýning Thorvaldsens að Kjarvalsstöðum

**KJARVALSSTAÐIR**  
**THORVALDSENSSAFNIÐ**  
**Í KAUPMANNAHÖFN**  
 Yfirlitsýning á verkum Bertels Thorvaldsens  
 Opin daglega á venjulegum tímum í Austursal.  
 14.00–22.00  
 Stendur til loka október.

**Bertel Thorvaldsen**

Myndhöggvarinn Bertel (Alberto) Thorvaldsen var af íslensku bergi brotinn, sonur Gottskálks Þorvaldssonar (1740–1806), myndasmiðs, og Karenar Grönlund, sem var frá Jótlandi. Gottskálfur var sonur séra Þorvalds Gottskálkssonar í Miklabæ (1712–1762) og konu hans Guðrúnar Ásgrímsdóttur. Gottskálfur fór til Kaupmannahafnar og vann þar við að gjöra skrautverkefni á stefni og bugsþjót skipa og skutverk, því hann var fær skurðlistarmaður, og eftirsóttur sem slíkur. En á dögum seglskipanna var skrautverk þetta óaðskiljanlegur partur af smíði hafskipa – og er reyndar enn, og má minnst þess þegar danska konungsskipið Dannebrog kom hér í höfn í seinasta mánuði, að það skip hafði svoeigið skrautverk. Mörg kaupföng og skip hafa einhver ornament á stefni, til dæmis Eimskipafélagsskipin og varðskipin, enda þótt allt sé nú minna í sniðum en var á dögum seglskipanna.

Gottskálfur Þorvaldsson vann við skipasmíðastöð flotans, er þá var í Kaupmannahöfn, en þá voru skipasmíðar meðal annars fangavinna, en þeir á Brimarmólmi lögðu þar hönd að verki, ásamt iðnaðarmönnum.

Heldur mun Gottskálfur Þorvaldsson hafa búið við þröngan kost, ásamt konu sinni, þrátt fyrir þá náðargáfu að geta skorið út hin virðulegu og þýðingarmiklu skrautverk herskipanna, er tryggð honum atvinnu.

Þeim fæddist sonurinn Bertel Thorvaldsen 13. nóvember árið 1768 (1770), en menn eru ekki sammála um fæðingarárið, og reyndar gegnir sama máli um Gottskálf, föður hans, sem þótt prestssonur væri, er talinn fæddur „um 1740“.

Mjög ungur mun Bertel Thorvaldsen hafa byrjað að hjálpa föður sínum við skurðinn, en handlagni mun hafa verið í ættinni. Var Ari Þorvaldsson, bróðir Gottskálks, t.d. „gullsmiður utanlands.“

**Til náms við akademíuna**

Þrátt fyrir mikla fátækt, fór það svo, að Bertel komst til náms við listaakademíuna og naut þar tilsagnar C.F. Stanley og Johs Wiedewelt, en einkum naut hann verndar og leiðsagnar N.A. Abildgaard. Bertel Thorvaldsen vann til verðlauna við akademíuna, en árið 1797 lá leið hans til Rómaborgar, Ítalíuferð þótti þá, eins og nú, alveg bráðnaudsýnleg, fyrir myndhöggvara, svo þeir gætu orðið fullnuma, og í Rómaborg og á öðrum stöðum á Ítalíu dvaldist honum í fjóra áratugi. Thorvaldsen kom aftur til Kaupmannahafnar, sem einn fremsti höggmyndasmiður heims árið 1838 og þar lést hann árið 1844, eða fjórum árum eftir að hið mikla listaverkasafn hans var opnað í Kaupmannahöfn. Thorvaldsenssafn heitir það og er mörgum Íslendingum kunnugt. Það hefur að geyma um 860 verk eftir Thorvaldsen,

en annars eru myndir hans, höggmyndir og teikningar dreifðar um allan heim. Á Íslandi eru þær á hinn bóginn fáar, andlitíð af Jóni Eiríkssyni, konferensráði (mögnuð mynd), en sú mynd er brotin, marmaramynd af Ganymedisi hinum gríska, sem Listasafn Íslands á, skírmarfonturinn í Dómkirkjunni, er hann „gaf ættjörð sinni“ og svo hin mikla sjálfsmynd, er Kaupmannahöfn gaf hingað árið 1874 til minningar um eitt þúsund ára byggð landsins.

Lífsverk Thorvaldsens er því aðallega í Kaupmannahöfn, þótt orðstír hans og myndir séu um allan heim, og partur af listasögu seinustu aldar.

**Sýningin á Kjarvalsstöðum**

Það er ógjörningur að telja upp alla þá virðingu, er þjóðir Evrópu sýndu þessum meistara meðan hann lifði. Og þótt metorð séu góð, eða af hinu góða, þá er það þó í listaverkunum, sem eftir verða, er listamaðurinn lifir, eða gleymist.

Danir eru víðsýnir menningarmenn og gjörðu sér ljóst að varðveisla á minningu Thorvaldsens væri nauðsynlegt og þýðingarmikið starf. Og síðan 1840 hafa þeir haft opið safn á göðum stað í Kaupmannahöfn, þar sem Thorvaldsen er sýndur. Þeir hafa ekki áður sent sýningu með verkum hans til útlanda, að heitið geti, þar til nú, að þeir fylla Vestursal Kjarvalsstaða með dýrgripum úr safninu í Kaupmannahöfn.

Margt hefur verið ritað um list og ævi Thorvaldsens og aukaatriðamenn telja hann hafa orðið fyrir áhrifum frá fornrómværskri list og hann sé einn helsti frumkvöðull nýklassísku listastefnunnar. Má það rétt vera. Þó hljóta þeir er sjá teikningar hans, eða frumatriði höggmynda hans, að sjá að þarna var á ferðinni listamaður, sem var ótrúlega næmur á stellingu lífsins, eða alls er lífsanda dró, og ef til vill eru það einmitt þessi uppköst, er hann fékk fyrir marmaramyndir, það dýrmætasta er nú er sýnt á Kjarvalsstöðum.

Það er greinilegt að andinn hefur hellst yfir Thorvaldsen á einkennilegum stundum. Hann gjörir þá teikningar á verðmæt skjöl listaakademíu Rómaborgar, eða hvað sem fyrir verður, því annar pappír er þá ekki tiltækur, þannig að listin var ekki stofukunst, eða daglaunaverk, heldur ástríða. Og það er einmitt þessi lífsandi, sem er svo dæmigerður fyrir góðar myndir eftir Thorvaldsen. Meira að segja ljón, sem hefur verið að deyja, eða hefur háð dauðastríð sitt í rúmlega heila öld suður í Luzern í Sviss, líður engu minni þjáningu nú en þegar það var gjört. Það skilur aldrei við.

**Fyrsta Íslandsferðin**

Það hefur ef til vill oft verið ærin ástæða til að skrifa töluvert mál á Íslandi um Bertel Thorvaldsen, myndhöggvara. Náðargáfa hans og lífsverk er auðvitað langt útfyrir mörk þess er við nefnum þjóðerni. Hann er sonur myndskera frá Íslandi og jóskrar konu. En eigi fara tver þjóðir í hár saman út af því. Öðru nær. Thorvaldsen kom aldrei sjálfur til Íslands, svo vitað sé. En nú er hann kominn og menn geta fagnað honum. Fagnað sínum snillingi, sem kominn er í fyrstu Íslandsferðina.

Í Frakklandi, eða í París, er það siður, að aka í mörgum rútum með unglunga til að sýna þeim safnið í Louvre, en þar búa m.a. Venus frá Milo, sem er 2000

ára um þessar mundir og enn svo ung, og svo hún Mona Lisa. Þetta er liður í frönsku uppeldi, að fá að hitta þessar útlendu konur, sem þarna eru fulltrúar heimslistarinnar.

Svona mannlutninga, eða unglungaferðir þyrfti endilega að skipuleggja á Íslandi nú, í tilefni af komu Bertels Thorvaldsens til landsins.

Því verður naumast með orðum lýst hvaða áhættu Danir hafa tekið með því að leggja út á Atlantshafið með þessi föng og hvaða örlæti þarna er sýnt. Margir hafa líka langt hönd á plóginn, en sagt er að Janus Paludan, sendiherra Dana á Íslandi og mikill aðdáandi lista, hafi fyrstur sett fram hugmyndina um þessa sýningu. Og í kynningu segir, að af hálfu Thorvaldsenssafnsins hafi frú Dyveke Helsted, forstöðumaður safnsins og Sören Sass arkitekt, ásamt safnvörðunum Evu Hennen, Bjarne Jörnes og Sören Rasmussen unnið við skipulagningu og uppsetningu sýningar-



■ Málverk af Bertel Thorvaldsen, málað af Vernet 1833.

„Mestur listasmiður Norðurlanda“

Það þarf að leita langt til að finna slíkt örlæti og nú er sýnt, og verður líklega að fara allar götur í handritamálið, til samanburðar.

Danir eru öðrum til fyrirmyndar um alþjóðlega skilvísi. Ekki verður annað sagt, og seint verður þessi sýning þökkud svo sem vert væri.

Það er stíll yfir þessari sýningu, þótt auðvitað sé ekki unnt, eða hentugt að koma hingað með stærri myndastyttur. En þetta er ekki tapað-fundið, sýning, heldur vel skipulögð og vönduð sýning.

Nú hvað svokallaða gagnrýni varðar, er auðveldast að taka undir með dr. Kristjáni Eldjárn, fv. forseta Íslands, en hann segir í riti sem Thorvaldsenssafn hefur gefið út vegna sýningarinnar:

„Á sjálfslíkneski Bertels Thorvaldsens sem Kaupmannahafnarborg gaf Íslandi 1874 og nú er í Hljómskálagarðinum í Reykjavík standa þessi orð: Mestur listasmiður Norðurlanda. Vera má að einhver rýni nokkuð lengi í þessa áletrun áður en hann trúir sínum eigin augum. Samt er þessi fullyrðing ekki ósannari en margar aðrar af svipuðu tagi. Á hádegi frægðar sinnar var Thorvaldsen af mörgum talinn mestur norrænn listamaður allra alda, og til voru þeir í samtíð hans sem hugðu að jafnoki hans væri ekki til í gjörvöllum heimi.“

Of sjaldan verður mönnum tíðrætt um þá list að kunna að sýna. Listaverk tala fyrir sig sjálf, er þá gjarnan viðkvæðið. Thorvaldsenssafnið lætur ekki við það eitt sitja, að sýna myndir Bertels Thorvaldsens, heldur sýnir einnig ýmsa muni og skjöl, er vörðuðu líf hans og frama.

Þetta er sýning, sem allir íslenskir menn ættu að fá að sjá.


Jónas Guðmundsson

## ÞAÐ SKIPTIR ÞIG AUÐVITAÐ MÁLI

að við bjóðum skápa og kistur í miklum fjölda valdra stærða, sem eiga vel við allar gerðir innréttinga, innlendra sem erlendra.


Berðu stærðirnar hér að neðan við þína innréttingu, nýja sem gamla, eða veldu þér stærð, sem þú vilt láta gera ráð fyrir í væntanlegri teikningu.

Bauknecht hefur örugglega málin sem hentar þinni innréttingu.




Bauknecht			
tegund	hæð	breidd	dýpt
PC 38	183	60	60
PC 30	153	60	60
PD 2601	141	55	60
SD 31	153	60	60
SD 23	122	60	60
SV 2451	125	55	60
SR 27	122	60	60
TV 18	85	60	60
TV 1601	85	55	60

**KÆLISKÁPAR**



Bauknecht			
tegund	hæð	breidd	dýpt
GK 35	183	60	60
GK 29	153	60	60
GK 22	122	60	60
TF 15	85	60	60
CB 8	62	55	60

**FRYSTISKÁPAR**



Bauknecht			
tegund	hæð	breidd	dýpt
GT 57	88	175	71
GT 47	88	150	71
GT 36	88	120	71
GT 29	88	100	71
GT 23	88	84	71

**FRYSTIKISTUR**

Komið, hringið eða skrifið, og við veitum allar nánari upplýsingar fljótt og örugglega.

Utsölustaðir DOMUS og kaupfélögin um land allt

**Véladeild Sambandsins**  
 Ármúla 3 Reykjavík Sími 38900